



Siða- og samskiptareglur

Veritas Capital og dótturfyrirtækja
Útgáfa 2 - 24.08.2018



Efnisyfirlit

1. FYLGNI VIÐ LÖG OG REGLUR	3
2. ÞAGNAR- OG TRÚNAÐARSKYLDA	3
3. UPPLÝSINGAÖRYGGI.....	3
4. HEILINDI OG HEIÐARLEIKI.....	3
5. HAGSMUNAÁREKSTRAR	4
6. MÚTUR OG SPILLING	4
7. PENINGAÞVÆTTI.....	4
8. STARFSMANNARÁÐNINGAR.....	4
9. VIRÐING OG RÉTTINDI STARFSMANNA	4
10. SAMFÉLAGSÁBYRGÐ.....	5
11. UMHVERFISMÁL	5
12. TILKYNNING UM MISBRESTI	5

Veritas Capital og dótturfyrirtæki hafa sett sér eftirfarandi siða- og samskiptareglur til að styðja við stefnur og gildi fyrirtækjanna. Reglurnar ná til allra starfsmanna og stjórnarmanna fyrirtækjanna.

Við leggjum okkur fram um að starfa á eins gagnsæjan hátt og unnt er í samræmi við góða stjórnarhætti og viðskiptatrúnað. Við tökum ekki þátt í verkefnum sem geta kastað rýrð á orðspor okkar eða dregið úr trausti.

Við störfum í samkeppnisumhverfi og hlítum samkeppnislögum. Við höfum sérstaklega í huga að samkeppni ríkir ekki einungis milli Veritas Capital og dótturfyrirtækja og aðila utan hennar, heldur einnig milli fyrirtækja innan samstæðunnar og deilda innan fyrirtækjanna. Stjórnendur og starfsmenn markaðsdeilda fá þjálfun varðandi markmið, tilgang og gildissvið samkeppnislaga. Brot á samkeppnislögum varða við hegningarlög.

Það er á ábyrgð stjórnenda að starfsmenn kynni sér siða- og samskiptareglur og framfylgi þeim.

Brot á siða og samskiptareglum getur leitt til fyrirvaralausrar brottvikningar úr starfi.

1. FYLGNI VIÐ LÖG OG REGLUR

Við fylgjum ávallt settum landslögum og viðurkenndum reglum sem lúta að faglegri starfsemi okkar.

2. ÞAGNAR- OG TRÚNAÐARSKYLDA

Við áréttum þagnarskyldu í ráðningarsamningum. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum.

Við gætum ávallt fyllsta trúnaðar um upplýsingar sem við búum yfir og verðum áskynja í starfi. Gildir þá einu hvort um er að ræða upplýsingar um fyrirtækið, starfsmenn, viðskiptavinum, birgja, samstarfsaðila eða aðra hagsmunaaðila.

Til trúnaðarupplýsinga teljast meðal annars innihald samninga, rekstraráætlanir, viðskiptamannalistar, upplýsingar um sölu, samruna og kaup á fyrirtækjum.

Við gætum trúnaðar og tryggjum að unnið sé með persónuupplýsingarnar með lögmætum hætti. Við gerum sömu kröfur til undirverktaka okkar sem hafa aðgang að persónugreinanlegum og/eða trúnaðarupplýsingum.

Við komum mikilvægum upplýsingum er varða rekstur til starfsmanna svo fremi sem trúnaðar sé gætt.

3. UPPLÝSINGAÖRYGGI

Við leggjum áherslu á að tryggja öryggi upplýsinga m.a. með vel skilgreindum aðgangsheimildum að gögnum og vinnurýmum. Stjórnunarkerfi upplýsingaöryggis er vottað samkvæmt ISO 27001:2013.

4. HEILINDI OG HEIÐARLEIKI

Við leggjum áherslu á heiðarleika, gagnsæi og trúverðugleika í samskiptum og komum ávallt þannig fram. Við gætum sanngirni og heiðarleika við val á undirverktökum.

5. HAGSMUNAÁREKSTRAR

Ef minnsti vafi leikur á árekstrum milli hagsmuna okkar, persónulegra hagsmuna starfsmanna, hluthafa eða fyrirtækja sem þessir aðilar tengjast, skal ávallt upplýsa yfirmenn, starfsmannastjóra eða stjórn þannig að hægt sé að taka afstöðu til þess hvernig brugðist skuli við.

Við ráðum ekki til starfa einstaklinga sem eru opinberir starfsmenn, starfsmenn opinberra stofnana eða starfsmenn stofnana eða fyrirtækja sem hið opinbera á eða rekur nema samkvæmt skriflegum samningi.

Við hvorki bjóðum, lofum, gefum né þiggjum, hvort sem er með beinum eða óbeinum hætti greiðslur eða fríðindi sem geta talist til hagsbóta okkur sjálfum eða viðkomandi aðila í samskiptum okkar við viðskiptavini.

6. MÚTUR OG SPILLING

Við hvorki gefum, lofum né bjóðum gjafir, fé eða fríðindi sem hvata til að eiga í viðskiptum við okkur. Á sama hátt þiggjum við ekki gjafir eða fríðindi sem gætu haft áhrif á dómgreind okkar í starfi.

Við hvorki gefum, lofum eða bjóðum opinberum starfsmanni, innlendum eða erlendum, gjöf eða annan ávinning sem hann á ekki tilkall til, til að fá hann til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert sem tengist opinberum skyldum hans. Sama á við um stjórnámálamenn og stjórn málaflokka.

Í samskiptum við heilbrigðisstarfsmenn, varðandi námsferðir og fríðindi, fylgjum við gildandi samskiptareglum Frumtaka, sem og lækna og stofnana. Við stillum kostnaði við fundi með utanaðkomandi aðilum í hóf. Við gerum sömu kröfur til undirverktaka okkar.

Veritas og dótturfélög hafa sett sér viðmið til að fylgja.

7. PENINGAÞVÆTTI

Við hvorki stundum né samþykkjum peningaþvætti með neinum hætti. Árleg endurskoðun ársreikninga okkar er framkvæmd af viðurkenndum óháðum aðila sem starfar samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum. Ársreikningar hafa að geyma rekstrarreikninga, efnahagsreikninga, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningum, þar með talið uppruna fjárstreymis.

8. STARFSMANNARÁÐNINGAR

Við ráðningar í störf fylgjum við í hvívetna lögum, reglum og kjarasamningum. Við könnum hugsanleg hagsmunatengsl og gætum þess að málefnaleg sjónarmið liggi að baki vali á starfsmönnum.

9. VIRÐING OG RÉTTINDI STARFSMANNA

Við leitumst við að koma fram af virðingu og umburðarlyndi við starfsmenn og viðskiptavini fyrirtækisins. Áreitni, einelti eða baktal er aldrei liðið og á að tilkynna til yfirmanna eða mannauðsstjóra.

Við metum starfsmenn að verðleikum og leitumst við að viðhalda fjölbreytni. Við mismunum t.d. ekki á grundvelli kynferðis, uppruna, trúar- eða stjórn mállaskoðana. Við veitum starfsfólki af báðum kynjum tækifæri til aukinnar ábyrgðar og framgangs í starfi. Við leitumst við að koma í veg fyrir vinnuslys og verndum andlega og líkamlega heilsu starfsmanna.

Við tryggjum góðar vinnuaðstæður fyrir alla starfsmenn, virðum félagafrelsi og hvetjum starfsmenn til að kynna sér sinn samningsbundna rétt. Við styðjum og framfylgjum

mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Alþjóða vinnumálastofnunarinnar. Við virðum hámarksvinnustundir og umsamin lágmarkslaun. Við samþykkjum ekki og stöndum gegn nauðungarvinnu, mansali og barnaþrælkun. Við stuðlum að jafnvægi milli vinnu og einkalífs.

10. SAMFÉLAGSÁBYRGÐ

Við berum virðingu fyrir ytri sem innri hagsmunaaðilum með gagnkvæman ávinning að leiðarljósi. Við gerum okkur ljóst að ábyrgð okkar nær einnig til samfélagsins og umhverfisins og gætum þess að starfsemi og ákvarðanir endurspegli ávallt þessa ábyrgð.

11. UMHVERFISMÁL

Við störfum samkvæmt eigin umhverfisstefnu þar sem umhverfissjónarmið eru höfð að leiðarljósi.

12. TILKYNNING UM MISBRESTI

Starfsmönnum er skylt að tilkynna ef þeir telja að brotið hafi verið gegn siða- og samskiptareglunum í aðgerðum eða ákvörðunum okkar. Slík mál á að tilkynna til yfirmanna, starfsmannastjóra eða stjórnar og getum treyst því að slíkum tilkynningum, settum fram í góðri trú, verði ekki mætt með viðurlögum af nokkru tagi.